



Reykjavík, 11. september 2025.

Svör frá stjórnendum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík við óháðum úttektum KPMG sem afhentar voru félaginu þann 7. ágúst sl.

Skjal þetta er sent til menningar- nýsköpunar og háskólaráðuneytis til geymslu í málaskrá auk þess sem ráðuneytið hyggst senda það til þeirra fjölmiðla sem óska eftir úttektunum.

Um er að ræða tvær úttektir. Annars vegar úttekt sem nefnd er Lokaskýrsla_Úttekt á RIFF (67 bls) sem afhent var ráðuneytinu í desember sl. en félagið fékk ekki afhenda fyrr en 7. ágúst sl. og hins vegar Úttekt II, fjármál RIFF Uppfærðar niðurstöður 2508055 (24 bls) sem fyrst var afhent í maí sl en endurgerð að öllu leyti og afhent að nýju þann 7. ágúst sl.

Til einföldunar verður hér fjallað um, a.v. lokaúttekt og h.v. fjármálaúttekt.

Umfjöllun okkar er þrískipt.

1. Svör við þeim 22 ábendingum KPMG sem ráðuneytisstjóri telur vera alvarlegar og eru taldar upp í lokaúttekt.
2. Fleiri athugasemdir við vinnubrögð KPMG sem birtast í lokaúttekt.
3. Athugasemdir við fjármálaúttekt.

Úttektarferli KPMG tók 16 mánuði og við stjórnendur höfum varið miklum tíma og kostnaði í að koma á framfæri athugasemdum varðandi efnistöð KPMG og málsmæðferð. Það segir sína sögu að svonefnd lokaúttekt hafi verið afhent í desember 2024, en við stjórnendur fengum ekki að vita af henni fyrr en síðsumars 2025, nánast fyrir tilviljun. Þá hafði verið ákveðið að ráðast í framhaldsúttekt sem tók til fjármála RIFF, m.a. skattskila, án þess að aflað hafi verið afstöðu okkar til skjalsins frá því í desember 2024 sem var grundvöllur ákvörðunar um framhaldsúttekt. Við erum því að fjalla um tvær skýrslur núna þótt önnur sé frá því á síðasta ári.

Niðurstaða framhaldsúttektarinnar um fjármál er vel ásættanleg og hún ber með sér að hafa verið betur unnin heldur en fyrri úttektin.

Í fyrri úttektinni svonefndri lokaúttekt eru rangfærslur, sem félagið hefur ítrekað gert athugasemdir við og komið á framfæri við ráðuneyti menningarmála en annað hvort hefur ekki verið tekið tillit til þeirra eða þær ekki borist KPMG.



Eins og fram hefur komið í athugasemdum okkar, kom það verulega á óvart að KPMG skyldi taka viðtöl við helstu samkeppnisaðila félagsins sem reka aðra kvikmyndahátíð og byggja vinnu sína á þeim viðtölum án þess að geta heimilda og að hið opinbera geri ekki kröfu um betri starfshætti en svo. Í ljós kom að engin viðtöl voru tekin upp og því ekki unnt að rekja svör til eins eða neins. Beitt er að sögn svokallaðri „þematískri aðferð“, en ekki er útskýrt hvað felst í þeirri aðferð. Óskað er eftir upplýsingum um það og því jafnframt komið á framfæri að það hefðu verið eðlileg vinnubrögð að eiga samráð við fyrirtækið um að finna viðmælendur, a.m.k. gefa fyrirtækinu kost á að tilnefna slíka aðila sem starfa innan kvikmyndageirans.

Búið er að afmá allar þær sakir sem bornar voru upp á RIFF í svokallaðri lokaskýrslu-ítarlegri fjárhagslegri úttekt í maí 2025, sem þá var kynnt sem drög. Þar voru ýjað að því að bókhalds- og skattalög hafi verið brotin. Þessar sakir urðu þess valdandi að styrkgreiðslur voru stöðvaðar til hátíðarinnar.

Ekki hefur enn verið beðist afsökunar á þessum vinnubrögðum KPMG sem hafa valdið miklum skaða, m.a. valdið tortryggni annarra styrktar- og samstarfsaðila gagnvart hátíðinni sem erfitt hefur reynst að vinda ofan af.

Sendar voru uppfærðar niðurstöður um fjármál RIFF þann 7.8. 2025. Enn eru rangfærslur allnokkrar þótt þær alvarlegustu hafi allar verið fjarlægðar. Því er m.a. haldið fram í núverandi skýrslu um fjármál að RIFF hafi lánað fjármagn en svo hefur aldrei verið. Þá er því haldið fram að gögn hafi ekki borist KPMG en þau voru send ráðuneytinu 5. febrúar sl. svo sem hreyfingarlistar þrjú ár aftur í tímann og sömuleiðis allar hreyfingar milli reikninga framkvæmdastjórans og félagsins.

Okkar upplifun er að ekki hafi verið unnið málefnalega að úttektarvinnunni. Fyrirfram hafi verið lagt upp með að niðurstaðan ætti að vera svört skýrsla, sem mikla erfiðismuni þyrfti til að afstýra, þó merki sjáist enn.

Það er verkefni að svara tveimur úttektarskýrslum KPMG sem nálgast hundraðið í blaðsíðutali, en hér verður þó gerð tilraun til þess. Athugasemdir okkar eru ekki tæmandi.



I. Listi yfir 22 ábendingar KPMG í lokaúttekt og svör RIFF.

Bls 61 - 64

Ábending 1

Móta skyldi framtíðarsýn og skýra stefnu RIFF til lengri tíma. Með því er upplýst hvert hátíðin stefnir og hvernig leiðin skuli vörðuð.

Skilgreina þarf tilgang, markmið, aðgerðir, markhóp og mælikvarða árangurs til að hafið sé yfir vafa hvaða árangri hátíðin nær. Þó RIFF sé minni að umfangi er margt sem nýta mætti í smækkaðri mynd úr starfsramma TIFF (sjá aftar í skýrslunni) sem um margt er til fyrirmyndar hvað varðar stefnumótun.

Svar: sjálfsagt að gera betur í þessu en erfitt í framkvæmd þegar styrkir eru ótryggir frá hinu opinbera og veittir til eins árs í senn. Hið opinbera hefur lagt línurnar með umsóknarformum og tilgreiningu á gögnum og upplýsingum, sem það óskar eftir. RIFF hefur aðlagð sig að þessu vinnulagi.

Það er svo annað mál að framtíðarsýn og stefna RIFF hefur verið mjög skýr. Það segir sína sögu hversu rótgróin hátíðin er og hversu mikillar virðingar hún nýtur. Svo væri ekki án framtíðarsýnar og stefnu. RIFF þakkar samanburð við Toronto kvikmyndahátíðina sem er ein sú stærsta í heimi og veltir milljörðum króna. Velta RIFF undanfarin tvö ár hefur verið um 100 milljónir króna.

Ábending 2

Tækifæri eru fyrir alla hlutaðeigendur að tryggja gæði hátíðarinnar með því að tengja markmið og framkvæmd við alþjóðleg viðmið um kvikmyndahátíðir.

Tækifæri felast í að gera betur t.d. með því að tengja við alþjóðleg viðmið varðandi styrkveitingar til hátíða.

Svar: óljóst hvað átt er við um alþjóðleg viðmið því það er ekki útskýrt frekar. Skýrslan nefnir í þessu sambandi aðild að FIAPF (International Federation of Film, Producers Associations) en það er ekki mælikvarði á alþjóðleg viðmið um hátíðir. Hlutfallslega fáar hátíðir sem kjósa að sækja um aðild, aðeins um 44 skv heimasíðu, en velja fremur að eyða fjármagni í annað enda hefur gildi slíkra samtaka og vægi minnkað mikið á þessu sviði.

Varðandi styrkveitingar: KPMG bendir RIFF á að sækja um í sjóðum á borð við UNESCO og Eurimages og telur hátíðina ekki standast alþjóðleg viðmið fyrst ekki er sótt um en þessir sjóðir þjóða ekki upp á styrki til hátíða eins og RIFF. Á þetta hefur verið bent. RIFF fær aftur á móti stuðning frá Creative Europe MEDIA í mörg ár og það sem meira er, hátíðin fékk nýverið hæstu einkunn frá upphafi frá Creative Europe og í kjölfarið endurnýjaðan samning og nú til tveggja ára. KPMG telur einhverra hluta vegna ekki ástæðu til að geta þess í skýrslunni.



Ábending 3

Mikilvægt er að setja skýrari viðmið og skilyrði í framtíðarsamninga um styrkveitingar. Leggja skal áherslu á gagnsæi og fagmennsku í rekstri, til að tryggja ábyrga ráðstöfun opinbers styrkfés.

Svar: KPMG skýrir ekki hvað átt er við með „gagnsæi“ og ýjar að því að gagnsæi sé ekki í rekstri RIFF án þess að færa rök fyrir því. Þetta eru ávirðingar. Öll gögn liggja fyrir og engum spurningum er ósvarað til stærstu styrktaraðila hátíðar sem á nýlegum fundum, sem oft áður, hafa staðfest ánægju með RIFF og samstarfið. Styrkur frá

til RIFF hefur aukist undanfarin ár. Engin rök eru færð fyrir þeirri skoðun að fagmennsku skorti í rekstri. Minnst er á að fagmennsku vanti í sýningarstjórnun en engin rök eða rannsókn liggur fyrir á því. Það er órökstudd fullyrðing að halda því fram að starfsnemar stýri sýningum sem hefur aldrei verið tilfellið, heldur hefur sýningastjórnun alfarið verið á hendi færustu fagmanna á þessu sviði. Háskólabíó er jafnframt alþjóðlega viðurkennt kvikmyndahús, rétt eins og Bíó Paradís sem KPMG nefnir sérstaklega. Fleiri þættir þessarar gagnrýni beinast fyrst og fremst að starfsfólki og er ósannir, ómaklegir og settir fram án þess að viðkomandi gefist kostur á að svara fyrir sig. Engin viðtöl voru tekin við starfsmenn hátíðarinnar aðra en framkvæmdastjóra..

Ábending 4

Viðmið styrkveitinga má tengja við alþjóðleg viðmið kvikmyndahátíða. Með því má skerpa á árangursviðmiðum, kröfur um ytri gæði og umgjörð o.fl. og stuðla að því að RIFF geti áfram haldið að njóta stuðnings opinberra aðila á ábyrgan hátt.

Svar: Óljóst er með öllu í gögnum KPMG hvað átt er við með „alþjóðlegum viðmiðum“. RIFF á í viðamiklu samstarfi formlega og óformlega við fjöldann allan af mikilvirkum hátíðum, kvikmyndastofnunum og sölu- og dreifingaraðilum í kvikmyndageiranum. RIFF tilheyrir m.a. bandalaginu Smart7 sem eru sjö evrópskar og vel þekktar hátíðir og UngRIFF tilheyrir NoJSe sem er bandalag fimm stærstu barna- og ungmennahátíða á Norðurlöndum.

Ábending 5

Auka þarf fagmennsku RIFF gagnvart sýningarhaldi. Gera skyldi listgreininni álíka hátt undir höfði og öðrum listgreinum, með sýningum sem unnar eru af fagmennsku, við bestu mögulegu aðstæður.

Svar: Ekki þurfti að fella niður neinar sýningar í Háskólabíói þau ár sem til skoðunar voru 2022 og 2023. Sýningarstjórn er í hæsta gæðaflokki, stjórnað af fagmönnum í öllum tilvikum. Þetta eru algerlega órökstuddar fullyrðingar. Háskólabíó er viðurkennt kvikmyndahús og reist sem slíkt og hefur á að skipta afar reynslumiklu starfsfólki.



Ábending 6

Samstarf við fagfélög, menntastofnanir og þau sem starfa að kvikmyndum á Íslandi er nauðsynlegt til að byggja upp þekkingu og fagmennsku sem nýtist ekki aðeins RIFF heldur öðrum aðilum kvikmyndageirans á Íslandi.

Svar: RIFF hefur átt gott samstarf við flesta þá sem starfa innan geirans á Íslandi en lengi má gott bæta. Erfitt er að mynda formfast samstarf til lengri þegar styrkir hins opinbera eru lágir og ótryggir og aðeins veittir til eins árs í senn.

Ábending 7

Tímabært er fyrir RIFF að rýna þann fókus sem hátíðin hefur e.t.v. misst. Markviss stefnumótun getur hjálpað við að stilla kúrsinn.

Svar: Það er algerlega örökstutt að RIFF hafi misst fókus enda segir þarna „... hefur e.t.v. misst fókus“. Fókus og áherslur eru skýr í starfseminni og hafa verið frá upphafi. Aðsókn er góð og hátíðin nýtur virðingar ef marka má ummæli fjölmiðla, fagfólks og gesta. Stefnumótun er sjálfsögð og hefur verið í skoðun undangengin ár.

Ábending 8

Samningar um styrkveitingar þurfa að innihalda skýrari árangursmarkmið sem tengjast stefnuáherslum og framtíðarsýn ráðuneytis.

Svar: [REDACTED] og sem slík virkur eftirlitsaðili. Betra hefði verið að leita fyrst þangað þar sem þar kunnátta er fyrir hendi á eðli og starfsemi kvikmyndahátíða, auk þess sem [REDACTED] var búið að gera sína úttekt á starfsemi RIFF árin 2022 og 2023 og hafði undir höndum öll gögn frá RIFF til að sjá aðgreiningu kostnaðar.

Ábending 9

Eftirfylgni með uppfyllingu samningsviðmiðla þarf að vera markviss og tíð af hendi styrkveitenda og upplýsingagjöf styrkþega í samræmi við kröfur samninga. Eðlilegt er að gagnsæi og markviss upplýsingagjöf varði opinbera styrki.

Svar: gagnsæi og upplýsingagjöf til styrktaraðila hefur verið í samræmi við þeirra óskir og hafði [REDACTED] óskað allra gagna sem þar var talið þurfa til að yfirfara starfsemina fyrir árin 2022 og 2023. Engum spurningum til þeirra er ósvarað. Það er ábyrgðarhluti að halda því fram að gagnsæi sé ekki til staðar og einnig án þess að skýra í hverju það felst. Öll fjárhagsgögn, m.a. ítarlegri sundurliðun en fram kemur í ársreikningum, eru send á alla styrktaraðila sem þess óska og var það m.a. sent [REDACTED]



Ábending 10

Mikilvægt er að RIFF þrói aðferðir til að styrkja rekstrarlega þætti hátíðarinnar, tryggja betra samstarf við styrktaraðila og auka gagnsæi til að tryggja áframhaldandi stuðning og setja henni langtíamarkmið.

Svar: RIFF hefur þróast en það takmarkar möguleika til að skapa festu í samskiptum að styrkfé er lágt og aðeins til eins árs í senn frá opinberum aðilum. Enginn styrktaraðili hefur kvartað yfir slæmu samstarfi eða skorti á gagnsæi. Samtöl og fundir eiga sér stað reglulega yfir árið og öll gögn send sem óskað er eftir.

Ábending 11

Vert að skoða hvort RIFF gæti nýtt sér fyrirkomulag sjálfseignarstofnunar til að styrkja rekstrarform og efla möguleika á að fá fjölbreyttari stuðning, til lengri tíma og bæði frá einkaaðilum og hinu opinbera.

Svar: Algjörlega er óljóst hvað hér átt er við með að fyrirkomulag sjálfseignarstofnunar muni styrkja rekstrarformið. Forveri RIFF, gamla kvikmyndahátíðin í Reykjavík, var til að mynda sjálfseignarstofnun og hún fór á hausinn. Sjálfseignarstofnanir eru hvorki mælikvarði á gæði né festu í fjármálum. Eðlilegt væri að kalla eftir röksemdum fyrir því af hverju sjálfseignarform sé talið sterkara rekstrarform. RIFF er ekki hagnaðardrifið félag. Fjöldi einkahlutafélaga starfar í menningargeiranum hérlandis.

Ábending 12

Bæta þarf mannauðsmál til að stuðla að aukinni fagmennsku í sýningarhaldi RIFF.

Svar: Sýningarhaldið er hjá Háskólabíói og er hér vegið ómaklega að starfsmönnum þar. Þetta er algerlega órökstutt og óljóst hvað átt er við með þessari fullyrðingu.

Sýningarhald á RIFF hefur alltaf verið í höndum færustu fagmanna.

Ábending 13

Samskipti þarf að bæta innan RIFF og milli samstarfsaðila og RIFF. Mikil brotalöm er í samskiptum, ósætti og óánægja. Ágreiningurinn dregur úr áhrifum RIFF og þeim árangri sem alþjóðleg kvikmyndahátíð á Íslandi gæti náð.

Svar: samskipti við styrktaraðila og aðra samstarfsaðila sem skipta tugum hefur verið með miklum ágætum og enda sömu aðilar sem vinna með hátíðinni árum saman. Hins vegar eru einstaka aðilar úr hópi kvikmyndagerðarmanna, einkum þeir sem standa að

sem hafa haft sig í frammi gegn starfsemi RIFF að því marki að kalla má hreinan atvinnuróg og hafa þeir blandað inn í það erlendum samstarfsaðilum RIFF. Ekki er rætt við starfsmenn RIFF í úttekt KPMG, að framkvæmdastjóra undanskildum, og því sætir furðu að KPMG komist að þessari niðurstöðu; að samskipti þurfi að bæta innan starfsmannahóps RIFF. RIFF er alls ekki hafið yfir gagnrýni en hún þarf að vera málefnaleg og á rökum reist. Svo er ekki í þessu tilfelli.



Ábending 14

Samtal um menntun milli aðila gæti stuðlað að ríkulegra umhverfi nemenda í greinum kvikmynda á Íslandi. Formgera ætti samstarf RIFF við menntastofnanir til hagsbóta fyrir báða aðila en ekki síst nemendur.

Svar: RIFF er í miklu samstarfi við skóla svo sem framhaldsskóla og alla leik- og grunnskóla landins. Hefur svo verið um langt árabíl. Til að formgera samstarf þurfa að liggja fyrir samningar um fjármagn/styrki til lengri tíma – sem RIFF hefur undangengin ár ítrekað lagt áherslu á, án árangurs.

Ábending 15

Sjálfboðaliðastarf þarf að vera skýrt afmarkað skv. viðurkenndum viðmiðum þar um. Gagnlegt væri fyrir RIFF að nýta samstarfsverkefni Erasmus+ menntaáætlunarinnar til að ramma inn sjálfboðaliðastarfið en til þess þarf að verða viðurkenndur aðili til þátttöku í slíkum verkefnum og ríkar kröfur eru gerðar til allrar umgjarðar um sjálfboðaliða.

Svar: starfsnemar hjá RIFF koma langflestir í gegn um Erasmus+ og frá samstarfsskólum RIFF í Evrópu. Sjálfboðaliðar sem vinna hjá RIFF hafa iðulega lýst yfir ánægju með dvöl sína og koma sumir ár eftir ár til að vinna í þá 11 daga sem hátíðin varir. Að mati RIFF er sjálfsagt er að skoða með Erasmus+ fyrir þá líka.

Ábending 16

Styrkveitendur gætu skoðað hvort hægt væri að skilyrða styrkveitingu gagnvart notkun sjálfboðaliða og tryggja að umgjörð og utanumhald þeirra sé með viðurkenndum hætti í samræmi við t.d. Erasmus+ menntaáætlunina.

Svar: Starfsnemar koma allir í gegnum Erasmus+. Sjálfboðaliðar sem starfa mun skemur – langflestir aðeins á meðan hátíð stendur í 11 daga – eru í mörgum tilfellum háskólastúdentar og erlendir nemar hér á landi sem vilja auka við tengslanetið sitt og hafa gaman um leið.

Ábending 17

Í kvikmyndastefnu stjórnvalda er áhersla lögð á aukna samlegð og samstarf þar sem opinberar fjárfestingar eru nýttar enn betur en áður. Tækifæri til samstarfs við fagfélög kvikmyndagerðarfólks eru vannýtt hjá RIFF. Þar hefur skortur á trausti og samtali við hagaðila áhrif á samstarf og möguleg samlegðaráhrif til framtíðar.

Svar: Fagfélög standa mörg hver í samkeppni við RIFF með rekstri Stockfish og því er svolítið snúið að ætla að efna til samstarfs á þeim vettvangi þar sem hugur fagfélaganna er þar. RIFF á í mjög góðu sambandi við þorra kvikmyndagerðarmanna og margir þeirra verið ráðgefandi gegnum árin og setið í stjórn RIFF. RIFF sýnir einnig á hverju ári tugi íslenskra verka og sem vettvangur til sýninga stendur RIFF aðstandendum Stockfish jafnt til boða sem öðrum.



Ábending 18

RIFF stendur frammi fyrir áskorunum þegar kemur að sjálfbærni. Hátíðin hefur jákvæð áhrif á kvikmyndamenningu og ímynd Íslands, en skortir viðvarandi lausnir til að mæta sjálfbærniþörfum, sérstaklega hvað varðar efnahagslega og félagslega þætti, en einnig umhverfislega.

Svar: Menningarhátíðir eiga jafnan við vanda að etja varðandi fjárhagslega (efnahagslega) sjálfbærni, og almennt komast þær ekki af án utanaðkomandi stuðnings. Ekki er ljóst hvað átt er við með „félagslegri sjálfbærni.“ Félaginu er ljóst að kvikmyndahátíð sem dregur til Íslands fjölda gesta hefur einhver umhverfisáhrif í för með sér sem ekki hefur verið lagt í kostnað við að gera sjálfbær. Hátíðin hefur þó sýnt vilja sinn í verki með gróðursetningu trjáa í Kvikmyndaskóginum í Heiðmörk, sem skref í átt að kolefnisjöfnun. Í samvinnu við bandalag hátíða Smart7 er unnið að sameiginlegum markmiðum hvað þessi mál varðar.

Ábending 19

Styrkja þarf tekjustofna félagsins til að skapa grundvöll fyrir sjálfbæran rekstur þess.

Svar: Engin menningarhátíð hvorki hér á landi né erlendis er rekin án styrkja. RIFF hefur staðið sig mun betur en flestar hátíðir hérlandis í að afla tekna frá fyrirtækjum og opinberum aðilum bæði hérlandis sem erlendis. Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf sem alla tíð hefur verið rekin án hagnaðarsjónarmiða, hefur verið rekin frá stofnun án þess að skuldsetja sig en býr að mjög öflugum tengslum við erlenda fagaðila og má vel segja að viss sjálfbærni er fólgin í því. En rekstur menningarstarfsemi sem þessarar verður sennilega seint fjárhagslega sjálfbær, rétt eins og dæmin sanna t.d. hjá Listahátíð í Reykjavík eða Bíó Paradís.

Ábending 20

Leiðréttu þarf skráningu stjórnar félagsins *Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík ehf.* en félagið hefur ekki tilkynnt um breytingar á stjórn síðan 2006.

Svar: Það er ekkert í lögum sem kveður á um að stjórn þurfi að vera stærri en það hefur lengi staðið til að stækka stjórn. Stjórn var stækkuð síðla árs 2024 og formaður stjórnar er Þórir H. Ólafsson. Fagstjórn hefur verið virk og gegnt mikilvægu hlutverki þar sem í henni hafa setið mikilsvirtir kvikmyndagerðarmenn. Eigandinn taldi ekki rétt að þeir myndu bera ábyrgð á rekstrinum en vildi þess í stað bera ábyrgð sjálf þar sem rekstur er afar ótryggur og lítill fyrirsjáanleiki, svo sem framar hefur verið vikið að.



Ábending 21

Taka þarf stjórnarhætti félagsins föstum tökum og reka fyrirtækið í samræmi við góða stjórnarhætti. Skipa þarf stjórn, stjórnarfundir þarf að halda, rita

þarf fundargerðir stjórnar þar sem fram koma ábyrgð, hlutverk og ákvarðanir. Stjórn skal taka ákvörðun um stefnu félagsins og fylgja henni eftir í

starfsemi félagsins.

Svar: Ekkert ólöglegt hefur átt sér stað. Fagstjórn hefur starfað lengi. Fundargerðir liggja fyrir. Hátíðin hefur aldrei safnað skuldum og aldrei tekið banklán eða yfirdráttarheilmild og hefur staðið við alla samninga Stefna liggur fyrir en lengi má gott bæta.

Ábending 22

Í samræmi við það sem tíðast á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum þarf að skipa með formlegum hætti fullgilt alþjóðlegt fagráð um val á þeim kvikmyndum

sem teknar eru til sýninga. Tryggja þarf óhæði ráðsins og sjálfstæði gagnvart öðrum stjórnendum.

Svar: RIFF hefur alþjóðlegt dagskrárráð og virkt eftirlit með því ráði. Það er fjarri sannleikanum að mikilsmetnar hátíðar séu allar með alþjóðleg fagráð sem velur myndir til sýninga. Þetta er einungis ósk FIAPF sem mjög fáar hátíðir fara eftir.

2. Aðrar athugasemdir við lokaúttekt KPMG.

Athugasemdir varðandi vinnu KPMG við lokaúttekt og fjármálaúttekt eru fjölmargar og þær athugasemdir sem hér fara á eftir eru ekki tæmandi listi. Atriði eru ýmist röng, villandi, óskýrð eða skortir augljósan grundvöll.

Niðurstöður sumar eru með óljósu orðalagi og ýjað er að hlutum á neikvæðan hátt án forsendna, eins og: „Vísbendingar eru um...” - „upplifun margra er” – „velta má fyrir sér hvort”, „líklegt má telja” og annað eftir því. Hér er um afar ófagleg vinnubrögð að ræða og mun félagið ekki fjalla um þann þátt í þessari samantekt. Að auki er mikið um notkun hugtaka sem hafa óljósa merkingu eins og „sjálfbær”/ „sjálfbærni”, „gagnsæ” /”gegnsæi”, „fagmennska” en gera má ráð fyrir að það skýrist þegar ráðuneytið fer að vinna úr þessu.

Bls 4. Heildarályktun úttektar um RIFF.

Ekki er rétt sem kemur fram hjá KPMG: að áberandi hnökrar séu í samskiptum og að dregið hafi úr trausti styrktar- og samstarfsaðila sem og samkeppnishæfni hátíðarinnar.

Styrkir til RIFF hafa þvert á móti aukist ár frá ári og fundað er með helstu styrktaraðilum reglulega, oft á ári, og ekki hefur verið kvartað undan undan neinu sem gefur til kynna að traust hafi rýrnað á nokkurn hátt.

Til merkis um traust má nefna að framlag [REDACTED] hefur hækkað á milli ára. [REDACTED] hefur reglulega gert úttekt á starfsemi RIFF og fengið til þess allar þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir. Niðurstaða [REDACTED] hefur verið án athugasemda.

Annað merki um traust er að RIFF hefur verið styrkt af borgarhátíðarsjóði frá upphafi, ein af fáum hátíðum í Reykjavík. Fundað er með þessum aðilum reglulega, m.a. í nóvember í fyrra eftir að drög skýrslu komu út og síðan aftur á nýju ári. Ekki var að finna annað en velvilja og hlýhug bæði hjá [REDACTED] og Reykjavíkurborg. Skilningur var á því að rekstraröryggi væri lítið og að æskilegt væri að framlag til hátíðarinnar væri hærra þar sem hún hefur fyrir löngu sannað gildi sitt.

Hátíðin var nýlega valin af tímaritinu *The Moviemaker* sem ein mest spennandi kvikmyndahátíð í heimi. RIFF hefur í gegnum árin fengið fjöldann allan af umsögnum frá erlendum blaðamönnum og gestum hátíðar sem margir hverjir eru á heimsmælikvarða. Ekkert neikvætt hefur komið fram í erlendum eða innlendum fjölmiðlum, ef undan er skilin grein í Heimildinni sem efnislega má rekja beint til Bíó Paradísar.



Hátíðin er þekkt fyrir að taka vel á móti gestum sínum erlendis frá. Hátíðin gerir sitt besta í að tengja gestina við innlenda aðila, m.a. með móttökum, kvöldverðum og bransaumræðum. Félagið er eitt fárra sem fær stuðning frá Creative Europe Media sjóðnum. Þar á bæ þykir með ólíkindum að unnt sé að reka svo metnaðarfulla og framúrskarandi hátíð í litlu landi eins og Íslandi. Í umsögn Media fær hátíðin nú 93 punkta af 100 mögulegum. Þetta allt segir sitt um samkeppnishæfni hátíðarinnar.

Sýningarhald er alltaf í höndum mjög hæfs sýningarfólks og með ólíkindum að KPMG vegi að starfsheiðri þessa fólks. Háskólabíó er hannað sem bíóhús, býr að fullkominni staðsetningu og búið sýningarbúnaði sem stenst allar kröfur, líkt og Bíó Paradís hefur sjálf fjárfest í.

Varðandi samskipti við samstarfsaðila sem og aðra hafa þau í gegnum í tíðina gengið afskaplega vel. Samstarfsaðilar hafa fullt frelsi til samskipta við RIFF eður ei, og kjósa að hafa þau reglulega. Það er einnig í þeirra valdi að leggja fjármagn eða þjónustu í RIFF. Það er engin skylda. Í samskiptum við samstarfsaðila hefur félagið svo leitað lægstu verða, í nafni ráðdeildar og sparsemi; frekar langt er seilst að kalla slíkar samningaumleitanir „hnökra í samskiptum.“

Neikvæð ummæli sem [REDACTED] er höfð fyrir voru kynnt starfsfólki en þar kannast enginn við að hafa tjáð sig með þeim hætti við KPMG.

Rétt er að taka fram að segja má að hnökrar hafi verið í samskiptum við forsvarsmenn [REDACTED] sem–eins og KPMG og ráðuneytinu er kunnugt um–hefur beitt hörkulegum atvinnurógi um starfsemi RIFF í mörg ár, bæði innanlands sem utan.

Keyrði þar um þverbak í fyrri. Samskipti framkvæmdastjóra [REDACTED] við starfsmenn RIFF og erlenda samstarfsaðila okkar voru send á ráðuneytið og KPMG til upplýsinga. Í því ljósi vekur það spurningar að ráðuneytið telji við hæfi að KPMG velji aðila frá [REDACTED] í viðtal sem hag- og samstarfsaðila, þegar viðbúið er að ómakleg ummæli komi úr þeirri átt í ljósi fyrri samskipta.

Varðandi samkeppnishæfni skal bent á að RIFF hefur náð miklum árangri í sínu starfi eins og aðsókn, ummæli gesta, ásókn kvikmyndagerðarmanna í að fá myndir sýndar á hátíðinni bera vitni um, en vissulega má alltaf gera betur. Það er áskorun sem félagið hefur verið að takast á við allt frá stofnun og mun gera áfram.

Bls 4. KPMG fullyrðir að skortur sé á gagnsæi í rekstri sem er ekki rétt.

Hið rétta er: Engum spurningum er ósvarað frá styrktar- og samstarfsaðilum AKR um fjármál, fjármálastjórnun og annað er varðar rekstur og bókhald. Sundurliðanir umfram það sem fram kemur í ársreikningum eru sendar alla þá styrktaraðila sem þess óska auk skýrslna um í hvað styrkfé var eytt. Fjárhagsáætlanir eru sendar til styrktaraðila og fundað er með þeim mjög reglulega, m.a. í kjölfar þess að drög að skýrslu KPMG komu



út í október í fyrra og aftur á þessu ári. Reglulega er farið yfir markmið og tilgang félagsins á fundum með þessum aðilum.

Ofangreind fullyrðing KPMG byggir á því að þeir óskuðu eftir ársreikningi félagsins frá ársreikningaskrá en sá ársreikningur er gerður skv. heimild til örfélaga með „Hnappinum“ sem vinnur tölur úr skattframtali en birtir, vel að merkja, ekki sundurliðanir. Líklegt er að betri þekkingu sé til að dreifa innan KPMG á reikningsskilum félaga en þarna birtist.

Bls. 16 Fram kemur hjá KPMG að UNESCO og Eurimages styrki kvikmyndahátíðir. Það er ekki rétt.

Hið rétta er: RIFF getur ekki geti sótt um stuðning til UNESCO eins og gefið er í skyn. UNESCO styrkir ekki fjárhagslega evrópskar kvikmyndahátíðir en aðstoðar þess í stað hátíðir í þróunarlöndum. Eurimages styrkir aðeins lítillaga kvikmyndahátíðir og þá aðeins þær sem staðsettar eru í löndum sem hafa ekki aðgang að Creative Europe Media sjóðnum. AKR getur því ekki með nokkru móti sótt um styrki úr þessum sjóðum.

Bls. 20. 2. mgr. - Kvikmyndahátíðir í breyttu umhverfi.

Ekki er rétt sem hér kemur fram hjá KPMG: Streymisveitur hafa breytt umhverfi kvikmyndahátíða. Almennigur með áhuga á kvikmyndum hefur aðgengi að fjölbreyttu úrvali kvikmynda gegnum streymisveitur.

Því er hvatinn til að sækja kvikmyndahátíðir ekki sá sami og fyrir 20 árum þegar kvikmyndahátíðir höfðu þann kost að sýna kvikmyndir sem annars var ekki mögulegt að sjá.

Hið rétta er: Hlutverk kvikmyndahátíða á borð við RIFF er að frumsýna nýjar kvikmyndir sem í langflestum tilfellum væru annars ekki aðgengilegar héraðs og ekki heldur á Netflix eða á öðrum streymisveitum. Breytt umhverfi í dreifingu kvikmynda gerir kvikmyndahátíðir á borð við RIFF enn mikilvægari enda eru þær í 98% tilfella eini vettvangurinn héraðs til að sjá umræddar myndir. RIFF er að Norðurlanda- og Evrópufrumsýna fjöldann allan af myndum sem oft og tíðum eru ekki í boði á streymisveitum enda þær flestar að bjóða að megninu til upp á bandarískt efni.

Starfsemi RIFF er því þvert á móti þarft mótvægi við streymisveitur.

Síaukin aðsókn að RIFF hátíðinni sl. 20 ár hefur verið mikil og því má segja að hvatinn til að sækja RIFF hátíðina sé ekki sá sami og fyrir 20 árum; *hann er miklu meiri*.



Bls. 20. 3. mgr.

Hér eru órökstuddar og óparfar vangaveltur KPMG: „Ýmislegt bendir til þess að þessar nýngar [sic] í kvikmyndasýningum RIFF þjóni frekar þeim tilgangi að tryggja hátíðinni áhorfendur og þar með tilvist, frekar, en að þjóna listgrein kvikmynda.”

Hið rétta er: Ekki er um að ræða nýjungar í sérvíðburðum heldur frá upphafi sérstaða RIFF. RIFF hefur haft slíka viðburði í sinni dagskrá í um 20 ár. Þessi vangavelta er eins órökrétt og hugsast getur og undarleg þar sem hún kemur í beinu framhaldi af ábendingum um að RIFF þurfi að finna nýjar leiðir til að vera samkeppnishæf og laða að nýja áhorfendur. Það hefur tekist vel en jafnan er uppselt á sérvíðburði. Það er einmitt það sem RIFF leitast við að gera með sérvíðburðum sínum – að ná til fleiri gesta og laða að þá sem annars færu ólíklega í bíó og kynna þannig töfra kvikmyndanna fyrir enn fleirum. Það er einmitt megingatilgangur kvikmyndahátíða; að laða að áhorfendur og skapa með þeim minnisstæða upplifun tengda kvikmyndum. Aukinn fjöldi áhorfenda getur ekki annað en þjónað listgrein kvikmynda. Sú sýn að aukin aðsókn þjóni ekki listgrein kvikmynda er afar sérstök. Þess utan er „ýmislegt” ekki útlistað nánar og er það í takt við aðrar óljósar tilvitnanir í enn óljósari heimildir í þessari úttekt KPMG.

Bls. 20. 3. mgr.

Eftirfarandi er ekki rétt ábending hjá KPMG: Tækifæri er fyrir alla hlutaðeigendur að tryggja gæði hátíðarinnar með því að tengja markmið og framkvæmd við alþjóðleg viðmið um kvikmyndahátíðir. Skoða mætti hvaða tækifæri felast í að tengja hátíðina við alþjóðleg viðmið varðandi styrkveitingar til kvikmyndahátíða.

Hið rétta er: Fyrir utan að vinna náið með sambærilegum erlendum hátíðum hefur RIFF í fagraði hjá sér erlendan aðila sem hefur um áráðil komið að stjórnun efnisvals o.fl. fyrir erlendar kvikmyndahátíðir í fremstu röð á heimsvísu (Cannes og Tribeca) og gjörþekkir alþjóðleg viðmið um kvikmyndahátíðir. Félagið telur það mikilvægt til að tengja markmið og framkvæmd við umgetin alþjóðleg viðmið um kvikmyndahátíðir. KPMG skýrir ekki af hverju þeir telja þennan aðila ekki hæfan til þessa hlutverks.

RIFF hefur frá árinu 2007 og fram til þessa dags fengið styrki frá Creative Europe Media eftir úttekt þeirra á starfsemi félagsins. Aldrei hefur komið fram hjá þeim gagnrýni á að félagið fylgi ekki alþjóðlegum viðmiðum.

3. Athugasemdir við fjármálaúttekt.

Bls: 2

„Leggja skal áherslu á gagnsæi og fagmennsku í rekstri.“

Svar: Engin dæmi eru um frávík sem þessi tilmæli eiga við um og því ber að líta á þetta sem almenna ábendingu sem gæti átt við öll fyrirtæki.

Bls: 2

„RIFF hefur glímt við áskoranir tengdar [...] fjármálastjórn.“

Svar: Félagið hefur aldrei verið fjármagnað með skuldsetningu annarri en við eiganda. Fjármálastjórn þess hefur verið með þeim hætti að félagið á fyrstu mánuðum ársins 2025 skuldaust að öðru leyti en eftirstöðvar víkjandi láns til eiganda. Það hafa vissulega verið áskoranir við að halda þeirri fjármálaskipan.

Bls: 2

„Framsetning víkjandi láns í ársreikningi 2023 og 2024 er í samræmi við venju þar um en taka hefði átt fram í að víkjandi lán væri veitt til tengds aðila.“

Svar: Athugasemd er við tvennt í þessu, 1) að í ársreikningi 2024 er víkjandi lán fært meðal skulda undir textanum „Víkjandi lán eiganda“ og 2) félagið er að fá víkjandi lán en ekki að veita það. Orðalagið „... að víkjandi lán væri veitt til tengds aðila.“ er afar villandi og veldur m.a. misskilningi hjá ráðuneytinu þar hefur verið að mér skilst að sé talin lánveiting til eiganda, enda var þannig um það fjallað í mars-drögum skýrslunnar. Áréttu má að fjárhæð víkjandi láns kom til bæði vegna beinna lána frá eiganda og vegna ógreiddra launa.

Bls: 2

„Ekki unnt að greina sundurliðun á lykilútgjaldaliðum af framlögðum gögnum félagsins.“

Svar: Fyrir liggur í verklýsingu í skýrslunni að KPMG aflaði ársreiknings hjá ársreikningaskrá, sem hefur verulega takmarkaðar sundurliðanir, þ.e. „hnappurinn“ sem unninn er upp úr skattframtali félagsins. Félagið hafði lagt fram mjög ítarlega sundurliðun á útgjaldaliðum til [REDACTED] og svaraði fyrirspurnum þeirra. [REDACTED] hafði það hlutverk að gera að fylgjast með starfseminni og gera úttektir á rekstri félagsins fyrir ráðuneytið og hafði lokið úttektum án athugasemda fyrir bæði árin 2022 og 2023.



Engum fyrirspurnum var ósvarað. Úttekt KPMG byggir hins vegar ekki á þeim ítarlegu sundurliðunum. Í byrjun febrúar 2025 eru ráðuneytinu sent að þeirra ósk allar hreyfingar félagsins undanfarin þrjú ár og allar hreyfingar milli reiknings framkvæmdastjóra félagsins og félagsins sjálfs. Það var gert í kjölfar þess að ráðuneytið upplýsti að seinni úttekt væri hafin.

Ítrekað hefur komið upp sú staða að gögn send ráðuneytinu skiluðu sér ekki til KPMG. Var þá á fundi með KPMG farið fram á að fá yfirlit um þau gögn sem fyrirtækið hefði fengið svo finna mætti út hvort þeim hefðu borist öll gögn sem þegar var búið að senda ráðuneytinu. Ekki var fallist á það af hálfu KPMG. Óskaði félagið þá eftir að KPMG óskaði eftir gögnum ef vantaði beint frá félaginu og var ekki skilið annað en það hafi verið samþykkt. Við yfirllestur skýrslunnar kemur síðan í ljós að nokkuð vantaði af gögnum sem KPMG mátti vera fullkomlega ljóst að voru til hjá félaginu. Það skal tekið fram að ársreikningar félagsins með öllum sundurliðunum voru sendar til KPMG í september sl.og að nýju í gegnum ráðuneytið í febrúar sl.

Á bls. 6 í lokaskýrslu *Úttekt II Fjármál RIFF ...* er birt gagnabeiðni 6. júní 2025. Þessi gagnabeiðni er sett fram í framhaldi af fundi félagsins með ráðuneytinu þann 13. maí 2025. Á þeim fundi fékk framkvæmdastjóri félagsins afhenta „lokaskýrslu seinni hluta verkefnisins“ og var jafnframt af hálfu starfsmanna ráðuneytisins sökuð um alvarleg brot á skattalögum og bókhaldslögum. Allt sem saknæmt þótti var dregið tilbaka og ekki minnst á það í lokaúttekt eða fjármálaúttekt en greinilegt var að þessar ásakanir, sem enginn fótur var fyrir, höfðu náð út fyrir ráðuneytið.

Bls. 7

„Ekki liggja fyrir fundargerðir stjórnar.“

Svar: Skráðar ákvarðanir stjórnar fyrir árin 2022–2024 voru afhentar ráðuneytinu en í tengslum við skoðun á gögnum félagsins árið 2022 var bent á að skrá bæri ákvarðanir stjórnar, sem kemur í stað fundargerða hjá minni einkahlutafélögum.

Bls. 7

„Ekki voru lögð fram gögn sem sýna fram á hreyfingar félags og framkvæmdastjóra.“

Svar: Hildur Jörundsdóttir starfsmaður ráðuneytis fékk sendar allar hreyfingar og hreyfingarlista þann 5. febrúar 2025 kl. 15.50–tveimur dögum eftir að ósk frá Hildi barst.



Bls. 7

„Ársreikningar voru endurgerðir eftir að úttekt hófst.“

Svar: Ársreikningur 2023 var endurskoðaður að beiðni [REDACTED] vorið 2024 áður en úttekt hófst. Ársreikningi 2022 var breytt að því að leyti að skuld við eiganda var endurflokkuð sem víkjandi lán að ábendingu Creative Europe Media þar sem fyrir lágu upplýsingar um víkjandi skilmála. Ársreikningar höfðu í báðum tilvikum verið skilað til skattsins áður.

Fyrir hönd Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

Þróun Marinósdóttir

Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi